



Skipstjórar að undirbúa veiðiferð.



Heldur betur vænir þorskar komu á færin skammt frá hafnarkjäftinum.

Héldu stórt evrópskt sjóstangveiðimót í Ólafsvík

Evrópumót í sjóstangveiði var haldið í Ólafsvík dagana 27. til 28. maí. Mótið var skipulagt af Íslandsdeild Samtaka evrópskra sjóstangveiðifélaga (EFSA). Þátttakendur voru 64 og komu frá tíu þjóðlöndum. Róið var á 17 bátum og lögð áhersla á að veiða þorsk og ufsa og gáfu stærstu fiskarnir flest stigin. Alls veiddust 6.390 fiskar á mótinu, þar af 4.141 þorskar og 2.249 ufsar. Evrópumeistari varð Scott Gibson frá Skotlandi. Í öðru sæti

varð Sævar Guðmundsson og í þriðja sæti Francois Beukes frá Suður-Afríku. Stigahæsti skipstjórinn varð Magnús Emanúelsson á bátnum Oliver SH.

Erlendu keppendurnir rómuðu allar aðstæður í Ólafsvík og voru afar ánægðir með mikla veiði, hjálpsama skipstjóra og aðstoðarmenn þeirra. Margir slógu þeir sín persónulegu met með að fanga stóra þorska og væna ufsa. Svona mót er mikil

lyftistöng fyrir ferðabjónustu í sveitarfélaginu. Margir bæjarbúar fylgdust auk þess með og mikið líf var í kringum keppendur enda fjölbreyttur hópur, eða eins og áður sagði frá tíu þjóðlöndum.

Verðlauna- og viðurkenninga athöfn var á laugardagskvöldið í Klifi og gerðu gestir vel við sig þar bæði í mat og drykk.

af



Starfsmenn Fiskmarkaðs Íslands voru ánægðir með alvöru þorska sem veiddust.



Það voru margir keppendur sem fengu stóra ufsa og hér má sjá einn þeirra með góða veiði.



Þessi keppandi var ánægður með mótið eins og sjá má.



Veitingastaðurinn Sker í Ólafsvík sá um eldamennskuna fyrir mótsgesti og hér er matreiðslumeistarinn Lilja Hrund Jóhannesdóttir að bera fram veisluföng.



Björg Guðlaugsdóttir var önnur tveggja kvenna sem kepptu á mótinu.



Þeir voru hressir skipstjórnarnir Magnús Emanúelsson, sem var stigahæsti skipstjórinn, og Árni Einarsson sem varð þriðji stigahæsti skipstjórinn. Hér ganga vinirnir til báta sinna.



Evrópumeistari varð Scott Gibson frá Skotlandi. Í öðru sæti Sævar Guðmundsson og í þriðja sæti Francois Beukes frá Suður-Afríku. Hér sjást þeir ásamt Þóri Sveinsyni ritara EFSA Íslandi og Helga Bergssyni formanni félagsins.



Vel var gengið frá aflanum við löndun.